



Barnaheill

Save the Children Iceland

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/158
komudagur 19.11.2008

Reykjavík, 14. nóvember, 2008

Nefndasvið Alþingis
b.t.Ragnheiðar Bogadóttur nefndarritara

Umsögn Barnaheilla, Save the Children, á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um stofnun Barnamenningarhúss, 24. mál.

Barnaheill hafa Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi í starfi sínu og við umsögn þessa er einkum horft til 2. gr. 3.gr. 12. gr. 13. gr. og 31. gr. sáttmálans. Þar er kveðið á að það sem barni sé fyrir bestu skuli haft að leiðarljósi, þegar ákvarðanir eru teknar í málefnum sem varða börn, að jafnræðis sé gætt, að börn hafi rétt á að tjá skoðanir sínar, að hafa áhrif, að eiga tómstundir og að njóta menningar.

Því telja Barnaheill að í stað þess að stofna starfshóp um sérstakt barnamenningarhús eigi að stofna starfshóp til að styrkja barnamenningu víða um land og að öll börn landsins, án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórnmalaskoðana, ætternis, fötlunar, félagslegrar stöðu eða annarra aðstæðna þeirra eða stöðu eða athafna foreldra þeirra, geti ræktað hæfileika sína, sinnt tómstundum og menningu. Mikilvægt er að börn séu þátttakendur í skipulagningu á slíku starfi og eigi þess kost að njóta menningar.

Barnaheill telja mjög mikilvægt að raddir barna fái að heyrast, börn fái að tjá sig, láta skoðanir sínar í ljós og að tekið sé réttmætt tillit til skoðanna þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska. Þau geti leitað sér upplýsinga og komið upplýsingum á framfæri.

Virðingarfyllt
f.h. Barnaheilla, Save the Children, á Íslandi

Petrína Asgeirsdóttir

Petrína Asgeirsdóttir,
framkvæmdastjóri